

AUGLÝSING

um breytingu á rammahluta aðalskipulags Garðabæjar vegna íþróttasvæðis í Vetrarmýri.

Skipulagsstofnun staðfesti 26. janúar 2026 óverulega breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030, sem samþykkt var í bæjarstjórn 2. október 2025.

Breytingin tekur til rammahluta aðalskipulags í Vífilsstaðalandi og felst í breytingu á afmörkun íþróttasvæðis (4.10 Íþ), Vetrarmýri, golfvöllur. Stærð svæðisins breytist úr 60,5 ha í 60,7 ha.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 26. janúar 2026.

Ólafur Árnason.

B deild - Útgáfudagur: 9. febrúar 2026